

## Útsvars- og fasteignagjalda álagning fyrir árið 2018.

Útsvar 14,52%

Fast.skattur A 0,4% af álagningarstofni Lóðarleiga, íbúðarhúsnæði 1,5% af lóðarhlutamati  
Fast.skattur B 1,32% af álagningarstofni Lóðarleiga, atvinnuhúsnæði 2,0% af lóðarhlutamati  
Fast.skattur C 1,65% af álagningarstofni Vatnsskattur 0,17% af fasteignamati húss og lóðar  
Sorphreinsunargjald pr. sorpílát kr.16.272.- Sorpeyðingargjald kr. 26.547.-  
Holræsagjald, íbúðarhúsnæði 0,3% af fasteignamati húss og lóðar  
Holræsagjald, atvinnuhúsnæði 0,4% af fasteignamati húss og lóðar

Gjalddagar eru 10, þ.e.25. jan., 25. febr., 25. mars, 25. apríl, 25. maí, 25. júní, 25. júlí og 25. ágúst, 25. sept. og 25. okt. Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga.

### Lækkun fasteignaskatts hjá elli-og örorkulífeyrisþegum í húsnæði til eigin nota.

#### Einstaklingar með tekjur allt að:

Kr. 3.122.000.- 100% afsláttur af fasteignask.  
Kr. 3.471.000.- 80% afsláttur af fasteignask.  
Kr. 4.036.000.- 50% afsláttur af fasteignask.  
Kr. 4.325.000.- 20% afsláttur af fasteignask.

#### Hjón með tekjur allt að:

Kr. 4.353.000.- 100% afsláttur af fasteignask.  
Kr. 4.787.000.- 80% afsláttur af fasteignask.  
Kr. 5.633.000.- 50% afsláttur af fasteignask.  
Kr. 6.029.000.- 20% afsláttur af fasteignask.

### Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Sandgerðisbæ sem búa í eigin íbúð og eru 67 ára eða eldri eða hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2018. Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

Við ákvörðun um lækkun fasteignaskatts er miðað við tekjur skv. tekju- og útsvarsstofni og einnig fjármagnstekjur. Miðað er við heildartekjur skv. skattframtali ársins fyrir tekjur nýliðins árs.

Lækkun fasteignaskatts er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Fasteignamat ríkisins og Ríkisskattstjóra. Til bráðabirgða verður lækkun reiknuð út frá síðasta skattframtali (vegna tekna ársins 2016) og færð til lækkunar á fasteignaskatti á álagningarseðli. Í haust þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2017 verður afsláttur endurskoðaður og tilkynnt ef breyting verður.

### ALMENN ÁLAGNINGARÁKVÆÐI:

1. Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

II kafli um fasteignaskatt, 3. gr.:

"Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra".

Skatturinn skal vera sem hér segir:

a. Allt að 0,5% af fasteignamati ( með álagi 0,625%):

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. 1,32% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c. Allt að 1,32% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum (með álagi 1,65%):

Allar aðrar fasteignir svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% þá hundraðshluta sem tilgreindir eru í a- og c- liðum þessarar greinar, öðrum eða báðum stafliðum."

2. Álagningarstofn vatnsskatts er hinn sami og fasteignaskatts, þó að hámarki 0,3 hundraðshlutar af álagningarstofni. Heimilt er sveitarstjórn að miða vatnsskatt við stærð fasteignar og/eða notkun skv. mæli eða fast gjald sbr. lög nr. 81/1991.

4. Álagningarstofn holræsagjalds er fasteignamat húss og lóðar. Gjald má miða við virðingaverð fasteigna eða við stærð lóðar eða við hvorttveggja sbr. vatnalög.

5. Önnur þjónustugjöld eru ákveðin af bæjarstjórn.

Bæjarstjóri